



**Fundargerð  
oddvitanefndar  
Uppsveita Árnæssýslu**



Fundur nr. 8 – 03.09.2024

8. fundur oddvitanefndar Uppsveita Árnæssýslu (kjörtímabilið 2022 – 2026) var haldinn í Stjórnsýsluhúsinu Borg, þriðjudaginn 3. september 2024 kl. 16:00.

Fundinn sátu:

Ása Valdís Árnadóttir formaður, oddviti Grímsnes- og Grafningshrepps

Haraldur Þór Jónsson, oddviti Skeiða- og Gnúpverjahrepps

Helgi Kjartansson, oddviti Bláskógabyggðar

Jón Bjarnason, oddviti Hrunamannahrepps

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Ása Valdís Árnadóttir.

**1. Drög að samningi við ÍBU.**

*Fyrir liggja drög að samningi við ÍBU. Umræður urðu um samninginn.*

*Oddvitanefndin leggur til við sveitarstjórnir aðildarsveitarfélaganna að sveitarstjórum sveitarfélaganna verði falið að klára samninga við ÍBU fyrir fjárhagsáætlunarvinnu haustsins.*

**2. Drög að samningi um umsjón jarðarinnar Laugarás.**

*Fyrir liggja drög að samningi um umsjón jarðarinnar Laugarás í Bláskógabyggð sem er í eigu Hrunamannahrepps, Skeiða- og Gnúpverjahrepps, Bláskógabyggðar og Grímsnes- og Grafningshrepps. Umræður urðu um samninginn og lagðar fram tillögur um breytingu á samningi. Jafnframt varð umræða um framtíðarsýn á jörðinni Laugarási og mögulega sölu.*

*Oddvitanefndin samþykkir samhljóða samninginn með fyrirvara um breytingarnar og vísar honum til samþykktar til sveitarstjórna aðildarsveitarfélaganna.*

Ekki fleira tekið fyrir og fundi slitið kl. 18:00.